

# Lög

## um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum (texti ársreiknings).

### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. laganna:

- Í stað orðanna „2. mgr.“ í 1. mgr. kemur: 2. og 3. mgr.
- Á eftir 1. mgr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er félagi skv. 1. mgr. 1. gr. heimilt að semja ársreikning og, ef við á, samstæðureikning á ensku, enda hafi félagið af því mikilsverða hagsmuni, svo sem vegna erlendrar fjármögnunar eða viðskiptasambanda. Semji félag ársreikning og, ef við á, samstæðureikning á ensku skal hann þýddur á íslensku og skal í skýringum með íslensku útgáfunni koma fram að um sé að ræða íslenska þýðingu á þeim reikningi sem samþykktur var á hluthafafundi félagsins.
3. másl. 2. mgr. orðast svo: Hafi félag fengið heimild til að færa bókhald og semja ársreikning í erlendum gjaldmiðli skulu allar fjárhæðir í þeim reikningi sem sendur er ársreikningaskrá til varðveislu og birtingar vera í sömu mynt.

### 2. gr.

Í stað tilvísunarinnar „2. mgr. 7. gr.“ í 2. mgr. 9. gr. laganna kemur: 3. mgr. 7. gr.

### 3. gr.

Á eftir 2. mgr. 109. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Gögn sem send eru ársreikningaskrá til birtingar skulu vera á íslensku. Sé ársreikningur saminn á ensku skv. 2. mgr. 7. gr. skal hann sendur ársreikningaskrá á íslensku og ensku.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda fyrir reikningsár sem hófst 1. janúar 2017 eða síðar.

---

*Samþykkt á Alþingi 8. nóvember 2018.*